

Kirkjuþing 2021-2022

31. mál – þskj. 31

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Örnunni Grétarsdóttur, Axeli Njarðvík Árnasyni,
Guðrúnu Karls Helgudóttur og Skúla S. Ólafssyni.
Frsm. Arna Grétarsdóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi breytingu á ofangreindum
starfsreglum:

1. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kosningarrétt til kirkjuþings á hver leikmaður sem er skráður í íslensku
þjóðkirkjunni og hefur náð 18 ára aldri.

Kosningarréttur fylgir kjördæmaskipan, sbr. 2. gr., og miðast við lögheimili eins
og það er skráð 1. apríl það ár er kosning fer fram.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna
nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Greinargerð.

Ný þjóðkirkjulög, sem tóku gildi 1. júlí 2021, gera ráð fyrir auknu vægi
kirkjuþings er varðar fjárstjórnarvald. Stefnumótandi ákvarðanir kirkjuþings hafa í
gegnum fjárstjórn mikið að segja um það hvernig kirkjumál þróast á næstu árum. Í
nýju þjóðkirkjulögunum er kveðið á um að grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis í
starfsháttum þjóðkirkjunnar sé haldið í heiðri, sbr. 4. gr. laganna.

Stefnumótunarvegferð kirkjunnar skilar nú til kirkjuþings niðurstöðum er
varðar helstu áherslumál ásamt Heildarstefnu þjóðkirkjunnar. Heildarstefnan og
áherslumálin er niðurstaða þeirra rétt tæplega hundað manna stefnumótunarfundar
þar sem rík áhersla var lögð á lýðræði og valdeflingu í störfum kirkjunnar. Aukin
þátttaka þjóðkirkjufólks ásamt meðvitund um lýðræðisleg áhrif er mikilvæg fyrir

kristni og kirkju. Í þessu ljósi þykir rétt að breyta 4. gr. starfsregla um kjör til kirkjuþings á þann veg að kjörgengi og kosningarréttur leikra á kirkjuþingi fylgist að.

Nú eru það aðeins sóknarnefndir sem hafa kosningarrétt og þykir rétt að efla grasrót kirkjunnar með þeim hætti að allir skráðir félagar í þjóðkirkjunni fái að njóta þeirra réttinda að kjósa fulltrúa til setu á kirkjuþingi innan þess kjördæmis sem fólk hefur lögheimili og hverfa þar með frá tveggja þrepa fulltrúalýðræði. Rétt er einnig að miða við 18 ára aldur til samræmis við 7. gr. um kjörgengi til kirkjuþings. Þar sem ekki er til gagnagrunnur um skírða einstaklinga er það vandkvæðum bundið að sækja staðfestingavottorð um skírni. Það er því ekki lagt til að skírni sé skilyrði kosningarréttar. Það skilyrði er þó að finna í 7. gr. núgildandi starfsreglna en ekki er flutningsmönnum kunnugt um að það hafi verið kannað eða skírnavottorðs krafist í tengslum við framboð kirkjuþingsfulltrúa leikra.

Umræða um almenna kosningu til kirkjuþings hefur átt sér stað á vettvangi kirkju og kirkjuþings um árabil. Á kirkjuþingi árið 2017 voru núgildandi starfsreglur um kjör til kirkjuþings endurskoðaðar og þær breytingar sem gerðar voru þá, tóku ekki til þeirra breytingar sem hér er lagt til. Þá var komið á samræmi kjörgengis og kosningarréttar vígðra. Þjóðkirkjuaðild, skírni og 18 ára aldursmörk kjörgengra leikra var sett inn en kosningarréttur var bundinn við setu í sóknarnefnd. Þá var og komið á rafrænni kosningu til kirkjuþings.

Kosning leikmanna til kirkjuþings gerir ráð fyrir tveimur milliliðum fulltrúalýðræðis, þ.e þjóðkirkjufólk kýs í sóknarnefndir og sóknarnefndarfólk (sumir varamenn) kjósa til kirkjuþings. Beint lýðræði gæti aukið áhuga á stórum og mikilvægum málefnum kirkjunnar og virkjað fólk til þátttöku. Telja flutningsmenn að við þau tímamót breytinga sem kirkjan gengur nú í gegnum blasi við ný og breytt staða tækifæra sem kallar á aukna þátttöku þjóðkirkjufólks.

Tæknileg útfærsla á rafrænni kosningu er ekki hindrun þar sem starfsreglurnar gera nú þegar ráð fyrir rafrænni kosningu og tæknilegir innviðir því til staðar.

Þjóðkirkjan fær aðgang að félagatali sínu í gegnum þjóðskrá.

Enginn auka kostnaður er því talinn falla til við samþykkt þessarar tillögu.